

Dómsorð:

Stefnda, Karvel Ögmundssyni, er skylt að greiða með karlmannskaupi samkvæmt 1. mgr. 5. gr. framangreinds kjarasamnings fyrir vinnu þá, að kasta vöskuðum fiski á bíl, sem konur unnu hjá honum áðurgreinda daga í júlí og ágúst 1958.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 4. apríl 1960.

Nr. 5/1959. **Farmanna og fiskimannasamband Íslands
f. h. Vélstjórafélags Íslands**

(Jón Þorsteinsson hdl.)

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands vegna
Skipaútgerðar ríkisins**

(Björgvin Sigurðsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.

Vélstjórar. Dæmt um það, hvort vélstjórar eigi rétt til ýmis-
konar aukagreiðslna, sem starfi þeirra fylgir, ef þeir eru
frá vinnu vegna veikinda.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu dags.
18. júní f. á. af Farmanna og fiskimannasambandi Íslands
f. h. Vélstjórafélags Íslands gegn Vinnuveitendasambandi
Íslands vegna Skipaútgerðar ríkisins.

Dómkröfur stefnanda eru þessar: ...

Að dæmt verði, að taki vélstjórar og aðstoðarvélstjórar
laun í veikindaforföllum samkvæmt a-lið 2. gr. kaup- og
kjarasamnings aðilja frá 1. ágúst 1957, skuli þeim auk mán-
aðarkausps samkvæmt a-d-lið 1. gr. samningsins greitt eftir-
talið kaup:

- 1) Oliuþóknun, þ. e. 10% kaupauki samkvæmt e-lið 1. gr. samningsins, er vélstjórar og aðstoðarvélstjórar starfa á oliuflutningaskipum.
- 2) Kæliþóknun, þ. e. 10% kaupauki samkvæmt f-lið 1. gr. samningsins, er vélstjórar og aðstoðarvélstjórar starfa á kælskipum og kældar vörur eru fluttar meðan veikindaforföll, sem laun ber að greiða fyrir, standa yfir.
- 3) Mótörvélaþóknun, þ. e. 4% kaupauki samkvæmt g-lið 1. gr. samningsins, er vélstjórar og aðstoðarvélstjórar starfa á mótorskipum.
- 4) Vaktauppbót, þ. e. kr. 400.00 og kr. 800.00 á mánuði í grunnlaun skv. f- og g-lið 4. gr. samningsins, er vélstjórar ganga 10 klst. og 12 klst. vaktir.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málsatvik eru þessi:

Í 1. gr. kjarasamnings, dags. 1. ágúst 1957, milli Vélstjórafélags Íslands og ýmissa útgerðarfyrirtækja, þar á meðal Skipaútgerðar ríkisins, er kveðið á um það, hvert skuli vera hámarks mánaðarkaup vélstjóra á skipum útgerðarfélaganna þeirra, sem að samningnum stóðu, og er ekki ágreiningur um a—d-lið þessarar greinar, en í e—g-lið greinarinnar segir svo:

- e) Á oliuflutningaskipum greiðist 10% til viðbótar við framangreint kaup.
- f) Vélstjórum og aðstoðarvélstjórum á kælskipum greiðist aukapóknun, er nemur 10% af laununum. Miðast þóknunin við þann tíma, er skipið byrjar að ferma kældar vörur hér við land, og þar til afferming er lokið í erlendri höfn. Eigi skal greiða kælitilleggið af minni farmi en 15.000 teningsfetum. Séu farnar tvær eða fleiri ferðir, hver eftir aðra, með kældar vörur, greiðist áður nefnd aukapóknun óslitið, þar til þeim ferðum er lokið.
- g) Vélstjórum og aðstoðarvélstjórum á mótorskipum

greiðist mótorvélaþóknun, er nemur 4% af launum (almennum mánaðarlaunum og verðlagsuppbót).

Þá segir svo í f- og g-lið 4. gr. sama samnings:

- f) Á skipum með þrjá vélstjóra gengur 1. vélstjóri á 4 klst. vakt á sólarhring, en 2. og 3. vélstjóri 10 klst. hvor, meðan sjóvökur standa yfir. Fyrir þetta starf fær hver vélstjóri, auk fastakaups, kr. 400.00 á mánuði auk verðlagsuppbótar
- g) Á skipum, sem hafa aðeins 2 vélstjóra eða 2 vélstjóra og einn aðstoðarvélstjóra, ganga 1. og 2. vélstjóri 12 klst. vaktir hvor. Vegna þessa vinnutíma fá vélstjórnarnir í fyrra tilvikinu kr. 800.00 hvor á mánuði auk verðlagsuppbótar, en þar sem eru 2 vélstjórnar og einn aðstoðarvélstjóri, fær hver þeirra kr. 400.00 auk verðlagsuppbótar. Að öðru leyti gildir um starf vélstjórnanna það sem að framan er greint um 2. og 3. vélstjóra á skipum, sem hafa þrjá vélstjóra.

Samkvæmt a-lið 2. gr. nefnds kjarasamnings ber vélstjóra, ef hann veikist eftir að hann hefur starfað eitt ár hjá félagi sínu, allt að þriggja mánaða laun, auk þess, sem tekið er fram í sjólögum.

Nú hefur komið upp ágreiningur milli aðilja máls þessa um það, hvað skuli teljast til launa í þessu sambandi. Heldur stefnandi því fram, að veikist vélstjóri og verði frá vinnu vegna veikinda, skuli hann auk venjulegs mánaðarkaupts samkvæmt a—d-lið 1. gr. kjarasamningsins einnig fá og halda uppbótum þeim eða álagi á mánaðarlaunin, sem um ræðir í framangreindum e-, f- og g-liðum 1. gr. og f- og g-lið 4. gr. oftnefnds samnings, þar sem hér sé um fastar greiðslur að ræða, er séu aðeins hluti af hinu venjulega mánaðarkaupi. Eigi vélstjóri, er veikist, því einnig rétt til þessara greiðslna samkvæmt ákvæðum 2. gr. samningsins, og skipti það eigi máli né takmarki rétt vélstjórnans að þessu leyti, þótt þær séu ákveðnar með sérákvæðum, enda sé það almenn regla, að kaup fyrir veikindadaga, umsamið eða lögboðið, sé fullt kaup.

Þessum skilningi hefur stefndi mótmælt. Telur hann, að

greiðslur þær, sem um er deilt, séu ýmist endurgjald fyrir aukastörf, sérstaka áhættu í starfi eða fyrir vinnu, sem unnin sé umfram hinn almenna vinnutíma, og eigi því ekki að greiðast í veikindum eða fylgja hinum föstu mán- aðarlaunum þegar svo stendur á, enda hafi það ekki verið gert þann tíma, sem liðinn sé frá því, að þessi ákvæði voru tekin upp í kjarasamninga aðilja, að undanteknum fáein- um tilfellum, sem ekki geti skapað neitt fordæmi um greiðsluskyldu almennt. Hér sé líka um lágmarkssamninga að ræða, sem hindri ekki, að einstökum launþegum sé greitt umfram lágmarksskyldu.

Verða nú kröfur stefnanda teknar til athugunar og hver liður dómkrafna hans athugaður sérstaklega.

Olíuþóknunin:

Talið er, að ákvæði um að greiða vélstjórum á olíuflutn- ingaskipum álag á kaup sitt, hafi verið tekið upp í kjaras- samninga árið 1950. Er svo að sjá, að Skipaútgerð ríkisins hafi greitt þetta álag í veikindum vélstjóra til 12. septem- ber 1958, en þann dag ákváðu útgerðarstjórar þeirra fyrir- tækja, sem standa að núgildandi kjarasamningi við vél- stjórafélagið, að greiða ekki í veikindaforföllum vélstjóra þær aukagreiðslur, sem um er deilt í málinu. Til þess tíma mun hinsvegar ekki að öllu leyti hafa verið samstaða þeirra í milli um greiðslur að þessu leyti.

Samband ísl. samvinnufélaga, sem hefur haft olíuflutn- ingaskip í förum frá því á árinu 1954 og verið beinn aðili að kjarasamningum vinnuveitenda við vélstjórafélagið frá því á sama ári, virðist hins vegar ekki hafa greitt olíuupp- bótina í veikindaforföllum vélstjóra. Um önnur útgerðar- félög mun ekki að ræða í þessu sambandi.

Svo sem að framan er greint, ber veikum vélstjóra, auk þess sem tekið er fram í sjólögum, „allt að þriggja mán- aða launum“. Er spurningin því sú, hvort olíuþóknunin sé laun samkvæmt a-lið 2. gr. kjarasamningsins. Ákvæðið um þessa þóknun hljóðar svo: „Á olíuflutningaskipum greiðist 10% til viðbótar við framangreint kaup“. Samkvæmt þessu ákvæði er hér um að ræða fast álag, tiltekinn hundraðs- hluta á mánaðarkaupið, og án nokkurrar sérstakrar skil-

greiningar. Verður eigi litið öðruvísi á þessa greiðslu en sem fastan og óaðskiljanlegan hluta mánaðarkaupans á oliuflutningaskipum. Er hún því laun í merkingu 2. gr. a-liðar og eiga vélstjórar stefnda því rétt til hennar í veikindaforföllum. Haggar mismunandi framkvæmd útgerðarfélaganna ekki þeirri niðurstöðu. Ber því að taka þenna kröfulið stefnanda til greina.

Kælipóknunin.

Ákvæði um aukapóknun til vélstjóra á kæliskipum er talið hafa verið í kjarasamningum vélstjóra síðan árið 1930 og hefur H/f Eimskipafélag Íslands, sem allan þenna tíma hefur verið aðili að vélstjórasamningnum, aldrei greitt þetta gjald í veikindaforföllum. Sama máli virðist gegna um h/f Jökla, sem hefur verið samningsaðili frá því á árinu 1950. Samband ísl. samvinnufélaga greiddi kælipóknun á einu skipa sinna, Jökulfellinu, þar til í sept. 1958 og sýnist Sambandið hafa greitt hana sem fasta viðbót við kaupið án þeirrar sundurgreiningar, sem ákvæði f-liðar 1. gr. kjarasamnings gerir ráð fyrir.

Þar sem það er ýmsum skilyrðum háð, hvenær greiða skuli kælipóknun, verður henni ekki jafnað til oliupóknunarinnar, enda hefur H/f Eimskipafélag Íslands, sem verið hefur samningsaðili óslitið í 30 ár, aldrei greitt hana. Stefndi í máli þessu, Skipaútgerð ríkisins, hefur hins vegar eigi nein kæliskip í förum, og ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna hann að svo stöddu af þessum kröfulið stefnanda.

Mótorvélapóknunin.

Hér er um að ræða 4% álag á mánaðarkaupið, eins og það er á hverjum tíma, en ákvæði þetta var tekið upp í vélstjórasamningana, sem gerðir voru hinn 1. ágúst 1957. Skipaútgerð ríkisins greiddi þetta álag, ef um fjarveru vegna veikinda var að ræða, til 12. september 1958. Sama máli sýnist hafa gegnt um Eimskipafélag Reykjavíkur h/f og Samband ísl. samvinnufélaga. Hins vegar hefur H/f Eimskipafélag Íslands eigi greitt þessa póknun í veikindaforföllum.

Það er upp komið í málinu, að skip þeirra útgerðarféлага, sem að umdeildum kjarasamningi standa, eru öll, að einu

undanskildu, „mótorskip“. Er mótórvélaþóknunin, sem er tiltekinn hundraðshluti af laununum (almennum mánaðarlaunum og verðlagsuppbót), almenn greiðsla til vélstjóranna og eigi bundin neinum sérstökum störfum. Ber því með vísun til þess, er að framan greinir um olíuþóknunina, að taka þenna kröfulið stefnanda til greina.

Vaktauppbótin:

Þetta ákvæði á upptök sín í gerðardómi, sem settur var á laggirnar árið 1953 til þess að skera úr ágreiningi milli farmanna og útgerðarfélaganna um kaup og kjör og hefur verið í kjarasamningum þessara aðilja frá þeim tíma. Svo virðist sem Skipaútgerðin hafi yfirleitt greitt þessa uppbót í veikindaforföllum, þ. e. a. s. til 12. september 1958. Samband ísl. samvinnufélaga segist ekki hafa greitt hana. Sama virðist eiga við um h.f. Jökla, Eimskipafélag Reykjavíkur h.f. mun hins vegar hafa greitt hana, en segir að veikindaforföll hjá sér hafi verið mjög lítil á undanförunum árum. H.f. Eimskipafélag Íslands mun eigi síðastliðin ár hafa haft skip í förum, er þetta ákvæði eigi við um.

Eigi verður talið, að framkvæmd þessa samningsatriðis hafi verið með þeim hætti, að hún verði lögð til grundvallar við skýringu á þessu ákvæði og ekki verður heldur byggt á orðræðum við samningsgerð, kröfum í því sambandi né heldur tómlæti. Verður því að skýra umdeilt ákvæði út frá orðum þess sjálfs.

Samkvæmt ákvæðum f- og g-liðar 4. gr. kjarasamningsins, fá þeir vélstjórar, er þar ræðir um, fasta þóknun á mánuði kr. 400.00 eða kr. 800.00 auk verðlagsuppbótar. Fylgir sú þóknun stöðu þeirra og starfi á þeim skipum, sem hafa færri en 4 vélstjóra. Er þóknun þessi laun fyrir fast og venjulegt starf þeirra og eigi háð neinum óvissum tilvikum. Verður því að líta á þessa svokölluðu vaktauppbót sem hluta af venjulegum mánaðarlaunum þeirra, og er hún því laun í merkingu a-liðar 2. gr. kjarasamnings málsaðilja, sem vélstjórar eiga rétt til í veikindaforföllum, þegar skilyrði til launa í veikindum eru fyrir hendi. Ber því að taka til greina þenna kröfulið stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Skipaútgærð ríkisins, á að svo stöddu að vera sýkn af kröfum stefnanda, Vélstjórafélags Íslands, um greiðslu kælivélapóknunar, sem um ræðir í 2. lið dómkrafna stefnanda.

Stefnda er skylt að greiða vélstjórum og aðstoðarvélstjórum, sem taka laun í veikindaförföllum samkvæmt a-lið 2. gr. framangreinds kjarasamnings, olíuþóknun samkvæmt e-lið og mótörvélapóknun samkvæmt g-lið 1. gr. og vaktauppbót samkvæmt f. og g-lið 4. gr. sama samnings.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði Einars B. Guðmundssonar hrl.

Í 1. gr. kjarasamnings Vélstjórafélags Íslands frá 1. ágúst 1957 eru ákvæði um lágmarkskaup vélstjóra, og í 2. gr. samningsins er að finna svohljóðandi ákvæði:

„Veikist vélstjóri eftir að hann hefur starfað 1 ár hjá félaginu, ber honum, auk þess sem tekið er fram í sjólögum, allt að þriggja mánaða launum.“

Mun í hinu tilvitnaða ákvæði vera átt við Sjómannalög nr. 41/1930, væntanlega 32. gr. laganna.

Aðra skýrgreiningu á hugtakinu „laun“ er ekki að finna í 2. gr. kjarasamningsins. Hefur og ekki verið upplýst, hvað fyrir aðiljum vakti með samningsákvæðinu og framkvæmd ákvæðisins sker ekki úr um skilning þess. Þykir varhugavert að skýra margnefnt ákvæði 2. gr. rýmra en öruggt má telja, að samízt hafi með aðiljum. Samkvæmt því þykir mega fallast á þá skoðun stefnda, að vélstjórum beri að greiða laun samkv. a—d-lið 1. gr., er þeir verða frá störfum vegna veikinda. Leiðir þessi niðurstaða til sýknu, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.
